

HÚSÖNDIN

8.tbl. 1.árg.
28.mars 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA

29.MARS-4. APRÍL 2018

29.3 Þór Sæmundsson

31.3 Andrej Maesiar, Anna Dagbjört Andrésdóttir

1.4 Arnþrúður Dagsdóttir, Sólveig Jónsdóttir,
Þórhildur Jökla Davíðsdóttir

2.4 Bartłomiej Marek, Valdimar Ellertsson

3.4 Aron Dagur Ottósson, Ingólfur I Jónasson
Júlia Katrín Björke, Marcin Pietrowski



AÐALFUNDUR!

Ágætu félagar,

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Stefáns verður haldin
miðvikudaginn 4. apríl kl 20:00

í húsnæði sveitarinnar við Múlaveg 2, efri hæð.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Pizza og gos í boði

Félagar fjölmennum, ræðum og skipuleggjum næsta ár
og eigum góða kvöldstund.

Nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin



PÁSKAHLAUP FJÖLSKYLDUNNAR!



Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur hið árlega Páskahlaup laugardaginn 31. mars n.k. kl. 11.00. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem þátttakendum gefst kostur á að leita að páskaeggjum sem hafa verið falin víðsvegar á leiðinni.

- Engin tímataka
- Fólk gengur eða skokkar á eigin hraða
- Engin fyrirfram ákveðin vegalengd
- Mæld braut upp á 10 km (þú ferð þá vegalengd sem þér hentar)
- Kostar ekki krónu
- Mæting og skráning við ÍMS kl. 10:30



Starfsfólk ÍMS.



FAMILY EASTER RUN!

Join us at the Skútustaða Sports Center for our Easter Run Saturday 31. March at 11.00 am. Great fun for everyone. Participants get to go on an Easter Egg hunt, where a few eggs will be hidden along the way!!

- No time taking
- Participants may choose to walk or run
- Participants choose how far they go
- A 10 km course will be measured and marked
- It doesn't cost anything!

Registration takes place at ÍMS at 10.30 am



Staff ÍMS



MÝVETNINGAR, FERÐAFÓLK. TÓNLISTARHÁTÍÐIN MÚSÍK Í MÝVATNSSVEIT UM PÁSKA VERÐUR NÚ HALDIN Í 21. SINN.

Kammertónleikar í Félagsheimilinu Skjólbrekku
skírdag 29. mars kl. 20:00.

Þar verður flutt tónlist m.a. eftir Piazzolla,
Ginastera og tónlist Eivarrar.

Í Reykjahlíðarkirkju föstudaginn langa
30. mars kl. 20:00

(athugið breyttan tíma frá því sem verið hefur)
Þá verður flutt tónlist m.a. eftir Faurè, Gliere, Vivaldi,
Koussevitzky og tónlist Eivarrar.

Flytjendur eru :

Eivör Pálsdóttir	söngur
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Elísabet Waage	harpa
Hávarður Tryggvason	kontrabassi
Tróndur Bogason	píanó

Miðasala við innganginn.
Verð á eina tónleika kr. 2.500 og á báða kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit



LJÓTU HÁLFVITARNIR

Tónleikar
í Skjólbrekku
föstudaginn langa kl. 22

MIÐAVERÐ 4.000 KR.

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 21.00

FACEBOOK.COM/LJOTUHALFVITARNIR

FORSALA Í BÓKABÚÐINNI HÚSAVÍK,
DALAKOFANUM LAUGUM OG BACKPACKERS AKUREYRI
EINNI Í KJÖRBÚÐINNI MÝVATNSSVEIT SKÍRDAG FRÁ 13 - 16
ENGINN POSI



STÖNGIN INN! Á BREIÐUMÝRI

Gamansöngleikurinn með ABBA-lögunum

Höfundur: Guðmundur Ólafsson

Leikstjóri: Vala Fannell

Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Enn höldum við áfram með söng, gleði og glens á Breiðumýri!!

Næstu sýningar eru sem hér segir:

12. sýning – miðvikudagur 4. apríl kl. 20:30 - UPPSELT

13. sýning – fimmtudagur 12. apríl kl. 20:30

14. sýning – föstudagur 13. apríl kl. 20:30

15. sýning - sunnudagur 22. apríl kl. 20:30

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldriborgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrött á kr. 3900.-

Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á leikdeild@leikdeild.is

Fróðlegur

FIMMTUDAGUR

Í SAFNAHÚSINU Á HÚSAVÍK

5. apríl kl. 12.05–12.50

Fuglaskoðun í Suður-Afríku

Fuglaskoðun þeirra

Aðalsteins Arnar Snæpórssonar, Ib Krag Petersen,
Sölva Rúnars Vignissonar og Yanns Kolbeinssonar
um Western Cape hérað í Suður-Afríku árið 2015.

Enginn aðgangseyrir
en gestir geta keypt sér
hádegissnarl fyrir 800 kr.



SÖKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ



MENNINGARMIDSTÖÐ
PINGEYINGA



PÁSKABINGÓ MÝVETNINGS 2018

Pann 28. mars næstkomandi verður haldið
páskabingó Mývetnings í Reykjahlíðarskóla.

Það byrjar klukkan 20:00 og eru glæsilegir vinningar í boði.
Spjaldið kostar 500 kr og kostar 250 kr eftir hlé.

Enginn posi verður á staðnum.

Nemendafélagið verður með sjoppuna á sínum stað.

Viljum við minna á að við erum með klósettpappírinn til sölu
í Íþróttamiðstöðinni. En verðið fyrir eina pakkningu er 7500 kr
sem er vegna herra verðs frá byrgjum okkar.

Hlökkum til að sjá sem flesta í bingó.
Stjórn Mývetnings



Vogafjós


Restaurant - Café
Guesthouse





GLEÐISTUND - GLEÐISTUND!

Gleðistund alla daga frá kl. 16:00-18:00.
Tveir fyrir einn af Kalda, dælubjórnum okkar,
og af léttvíni hússins.

Vel valdir kokteilar á 1.500 kr.

Kær kveðja úr Vogafjósi!



-  Virkar hraðhleðslur
-  Hraðhleðslur á ætíun 2018
-  Hleðslur
-  Hleðsla fyrir hendi. Hraðhleðsla 2018.

Við opnum hringinn

Það verður stöðugt auðveldara að keyra um landið á orku náttúrunnar, enda fjölgar hraðhleðslum ört við hringveginn. Með opnun hraðhleðslu við **Fosshótel** á Mývatni eiga rafbílaeigendur betri möguleika á að ferðast á hreinum, innlendum orkugjafa um Norðurland og þaðan suður, austur og vestur.

Til hamingju rafbílaeigendur og til hamingju Norðlendingar.

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is





GUÐSPJÓNUSTUR Í SKÚTUSTAÐAPRESTAKALLI Á PÁSKUM 2018

30.mars Föstudagurinn langi

Tíðarsöngur er sunginn í Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 við upphaf Píslargöngu.

Passíusálmur sr.Hallgríms er lesnir fyrir gesti og gangandi í Skútustaðakirkju yfir daginn!

1.apríl Páskadagur

Hátíðarguðspjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

VINNUBÚÐIR TIL SÖLU



Landsvirkjun

Landsvirkjun auglýsir eftirfarandi vinnubúðir til sölu:

- Teigsbúð í Bjarnarflagi**
- Bormannaskála í Kröflu**
- Skrifstofur í Búðarhálsi**
- A-íbúðir í Búðarhálsi**
- B-íbúðir í Búðarhálsi**
- Vinnubúðaskála á Þeistareykjum**

Sala vinnubúðanna fer fram á uppboðsvef Króks, bilauppbod.is, og er áhugasömum bent á að nánari upplýsingar um söluna og vinnubúðirnar er að finna þar.

SUMARSTARF VIÐ FUGLASAFN SIGURGEIRS



Fuglasafn Sigurgeirs

Auglýsir eftir sumarstarfsmönnum næsta sumar.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að þjónustu við gesti, staðarleiðsögn, rannsóknir, veitingasölu og öðru sem sinna þarf.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund.

Tungumála, tölvukunnátta og þekking á fuglum er til mikilla bóta.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun maí.

Umsóknarfrestur er til og með 15. Apríl. 2018.

Umsóknum skal skila til Fuglasafns Sigurgeirs,

Ytri-Neslöndum, 660 Mývatnssveit

eða á netfangið fugasafn@fugasafn.is

Leikfélag Húsavíkur sýnir

SJÓRÆNINGJA PRINSESSAN

eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur

Næstu sýningar:

- ✗ skírdag, 29. mars kl.16:00
- ✗ föstudaginn langa kl.14:00 *aukasýning*
- ✗ föstudaginn langa kl.17:00
- ✗ laugardaginn 31. mars kl.16:00
- ✗ annan í páskum kl.16:00

fullt verð: 3000 - börn/afsl: 2000



Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur
geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu

Miðapantanir: www.leikfelagid.is • 464 1129 • midi@leikfelagid.is

Litabók Gjallanda



Upprisan



UMSÓKNIR UM STYRKI VEGNA LISTA- OG MENNINGARSTARFS 2018

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.

Nefndin metur umsóknir með menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á: skutustadahreppur.is → Stjórnsýsla → Skjöl og útgefið efni → Umsóknareyðublöð → Styrkur til lista- og menningarstarfs eða á skrifstofu Skútustaðahrepps.


Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps bréfleiðis, eða með tölvupósti á thorsteinn@skutustadahreppur.is fyrir 16. apríl nk.

Nánari upplýsingar varðandi útfyllingu styrkumsókna má nálgast hjá Elísabet, formanni Félags- og menningarmálanefndar í síma 894 6318.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps

GLEÐILEGA PÁSKA!





Birkir Fanndal hlaut titilinn „Snagi mánaðarins” fyrir febrúarmánuð en bikarinn er veittur þeim sem kemur oftast í bað í hverjum mánuði. Birkir kom í bað í 22 skipti í febrúar en næsti á eftir honum kom í 21 skipti.

Samkeppnin var augljóslega hörð og höfðu starfsmenn gaman af að telja heimsóknir fastagesta.

Í næsta tölublaði af Húsöndinni fáum við að sjá hver hlýtur bikarinn fyrir marsmánuð.

Heldur Birkir titlinum!?





GAMLI BÆRINN

RESTAURANT & BAR

Verið hjartanlega velkomin aftur í Gamla Bæ !
við höfum opnað aftur eftir breytingar

Miðvikudaginn 28.mars ætlum við að hefja páskagleðina með eldhúspartý Ragga, Danna og Kristins sem munu leiða okkur í söng. Herlegheitin hefjast uppúr 22 og standa fram eftir kvöldi.
Hlökkum til að sjá ykkur

Einnig bjóðum við upp á Hamingjustund (e.happy hour) alla daga frá 17:00 til 19:00
Kranabjór & léttvin hússins á hálfvirði

Endilega komið í heimsókn & njótið ykkar í afslappandi andrúmslofi, hlökkum til að sjá ykkur !

Opnunartími: 11:30-23:00